

Sp.

438. Fyrirspurnir

[236. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði sjónvarps og hljóðvarps á Vestfjörðum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hverjar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu 1982 til að koma á viðunandi sjónvarpssambandi við þá sveitabæi og þéttbýlisstaði á Vestfjörðum, sem ýmist hafa engin eða þá mjög slæm skilyrði til móttöku á sjónvarpi?
2. Hvað líður áætlunum um uppsetningu FM-senda á Vestfjörðum svo að Vestfirðingar geti notið móttöku á FM stereo-útsendingum hljóðvarps?